



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Alþingi
Erindi nr. P 141/1747
komudagur 25.2.2013

Seyðisfirði 20. febrúar 2013

Skrifstofa Alþingis nefndasvið
b.t. Atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn meirihluta bæjarráðs Seyðisfjarðar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða. Þingmál nr. 570.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis frá 13. febrúar 2013. Í tölvupóstinum er veittur frestur til að veita umsögn til 24. febrúar 2013. Bæjarráð Seyðisfjarðar gerir athugasemd við þann skamma frest sem veittur er til umsagnar þegar um er að ræða jafn vandasöm, stór og þýðingarmikil mál og það sem hér er til umfjöllunar.

Varðandi markmið frumvarpsins getur bæjarráð að mestu fallist þau sjónarmið sem þar koma fram. Eins og í umsögnum vegna fyrri frumvarpa til laga um fiskveiðistjórnun á þessu þingi mælist bæjarráð Seyðisfjarðar til að Alþingi láti vinna vandaða úttekt af hlutlausum aðilum á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á stjórn fiskveiða og að niðurstöðurnar verði kynntar opinberlega áður en lengra er haldið. Í þessu sambandi bendir bæjarráð jafnframt á umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármála og efnahagsráðuneytisins en þar segir m.a. „Í frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á ýmsum sviðum fiskveiðistjórnunar frá gildandi lögum.“ Það er því full ástæða til að vanda til verka og að leitast verði við að varpa sem gleggstu ljósi á áhrif frumvarpsins með ítarlegri kynningu áður en að það verður afgreitt sem lög frá Alþingi.

Bæjarráð leggur sérstaka áherslu á að áhrif af tilfærslum aflaheimilda, og víxlverkana vegna skattlagningar með veiðigjöldum verði tekin til skoðunar. Þá eru forsendur nokkuð breyttar frá því að veiðileyfagiöld voru hækkuð árið 2012 hvað varðar markaðsaðstæður bæði hvað varðar verð og eftirspurn m.a vegna aukins framboðs úr stofnum í Barentshafi og vegna efnahagskreppu í Evrópu.

Hvað varðar endurvakningu kvótapiðs komi til þess telur bæjarráð Seyðisfjarðar að horfa ætti til þess að það verði vettvangur útgerðaraðila til verslunar með aflheimildir sem ekki komi til beinna skipta og einkum beri að horfa til þess að viðskipti verði gegnsæ og stuðli að raunhæfri verðmyndun á markaði. Bæjarráð telur að við útfærslu þess ætti að horfa til að þess að tengja kvótapið t.d. fiskmörkuðum eða landshlutasamtökum sveitarfélaga. Með því væri stuðlað að því að ný störf í sjávarútvegsklasanum yrðu að hluta allavega til út um land. Með því væri umsýsla og viðskiptin ekki á hendi eftirlitsaðila sem áfram gegndi lögboðnu eftirlitshlutverki. Í því sambandi bendir bæjarráð á umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármála og efnahagsráðuneytisins þar sem farið er yfir annmarka fyrirkomulagsins eins og það er í frumvarpinu út frá sjónarmiði ráðuneytisins sem bæjarráð telur fullt tilefni til.

Þá telur bæjarráð skynsamlegt að við vinnslu málsins (mál nr. 570) verði gerð ítarleg úttekt á áhrifum sértækra aðgerða t.d. byggðakvóta, strandveiða ofl. og hvort markmiðum sé náð eða endurskoðunar sé þörf sem nýttar verði við lagasetninguna. Í framhaldi af því verði lagt mat á

hvort rétt kunni að vera að halda lögum um þær (sértæku aðgerðirnar) utan laganna um fiskveiðistjórnun sem verði grundvallarlög fyrir sjávarútveginn.

Bæjarráð vekur enn og aftur athygli á að á undanförunum 20 árum hafa aflaheimildir í þorskígildistönnum, skipa og báta sem skráð eru á Seyðisfirði dregist saman um 2/3 og því er sú óvissa sem nú er uppi og sú stöðnun sem henni mun fylgja byggðarlaginu afar erfið. Í því ljósi er mikilvægt að komið verði til móts við þá aðila sem orðið hafa fyrir miklum skerðingum í aflaheimildum til að styrkja atvinnustig. Því hvetur bæjarráð að þingmenn til að þeir viðhafi vönduð vinnubrögð við breytingar á fiskveiðilöggjöfinni þar sem metin verði áhrif á sjávarútveginn og fyrirtækin sem eru undirstaða sjávarbyggðanna.

Að lokum minnir bæjarráð Seyðisfjarðar á fyrri umsagnir þess um frumvörp til laga um fiskveiðistjórnun og veiðigjöld frá 29. september 2011 og 18. apríl 2012.

Virðingarfyllst,


Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri



Skrifstofa Alþingis nefndasvið
b.t. Atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn bæjarráðs Seyðisfjarðar um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld (heildarlög). Þingmál nr. 657 og 658.

Vegna fram kominna frumvarpa til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld, þingmál nr. 657 og nr. 658 telur bæjarráð Seyðisfjarðar ófært annað en að Alþingi láti vinna vandaða úttekt af hlutlausum aðilum á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á stjórn fiskveiða og viðbótar skattlagningar útgerðarinnar og niðurstöðurnar kynntar opinberlega áður en lengra er haldið.

Bæjarráð leggur sérstaka áherslu á að áhrif af tilfærslum aflaheimilda, skattlagningar með veiðigjaldi, áhrif á tekjur sjómanna og annarra sem starfa við sjávarútveg og áhrif á atvinnulíf á Seyðisfirði og annarra sjávarbyggða verði skoðuð sérstaklega. Ekki síður verði áhrif á rekstur bæjarfélagsins og afleiðingar fyrir íbúa skoðuð ítarlega. Jafnframt verði kortlagðir fjármagnsflutningar sem ætla má að verði af lagasetningunni miðað við þrjú síðustu fiskveiðiár. Niðurstöður framangreindra athugana verði birtar og kynntar t.d. á íbúafundum og öðrum opinberum vettvangi.

Bæjarráð hvetur til þess að Alþingi vandi til verka við jafn stór og þýðingarmikil mál og hér um ræðir og að kannaðir verði allir þættir sem varða atvinnugreinina og áhrif á byggðir landsins. Greinargerðir sérfræðinga sem fylgja frumvörpunum gefa fullt tilefni til að alþingismönnum gefist tími til að skoða rækilega áhrif fyrirhugaðrar lagasetningar á atvinnuveginum og byggð í landinu.

Í greinargerðunum kemur fram að ekki séu líkur á að byggðaaðgerðir frumvarpsins nái þeim markmiðum sem að er stefnt, enda skorti langtímastöðugleika sem tryggir grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífsins. Þá gera sérfræðingarnir ráð fyrir því sem þeir kalla umhleyplingar á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum. Það mun verða sjávarbyggðum eins og Seyðisfirði ákaflega erfitt eins og staða og horfur eru hjá þeim í dag. Bæjarráð Seyðisfjarðarkaupstaðar telur að varnaðarorð sérfræðinganna í greinargerðunum sem fylgja frumvörpunum séu fyllilega næg ástæða til að áhrif frumvarpanna verði rannsökuð gaumgæfilega áður en lengra er haldið.

Á fundi sem framkvæmdastjóri Gullbergs ehf. átti með bæjarfulltrúum á Seyðisfirði 16. apríl s.l. kom m.a. fram að verði frumvörpin að lögum óbreytt muni það kippa fótunum undan grundvelli útgerðarinnar. Það mun hafa ófyrirsjáanlega afleiðingar fyrir atvinnulífið í

byggðarlaginu og framtíð þess. Bæjarráð vekur athygli á að á undanförunum 20 árum hafa aflaheimildir í þorskígildistönnum, skipa og báta sem skráð eru á Seyðisfirði dregist saman um 2/3 og því er sú óvissa sem nú er uppi og sú stöðnun sem henni mun fylgja afar erfið. Því ætlast bæjarráð Seyðisfjarðar til þess af þingmönnum að þeir viðhafi vönduð vinnubrögð við breytingar á fiskveiðilöggjöfnni þar sem metin verði áhrif á fyrirtækin sem eru undirstaða sjávarbyggðanna.

Að lokum telur bæjarráð nauðsynlegt að skoðað verði sérstaklega af óháðum aðilum: Hvort veiðileyfagjaldið sem sértækur skattur á atvinnugrein og á landsbyggðina gangi gegn jafnræðisreglu og mismuni þegnum landsins. Hver áhrifin verði á endurnýjun og framþróun atvinnugreinarinnar og atvinnugreina sem þjónusta sjávarútveginn t.d. hvað varðar: hagkvæmni, tækni, markaðsmál o.s.frv.

Virðingarfyllt


Vilhjálmur Þórsveinsson
Bæjarskrifstofa
Bæjarskrifstofa

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingmál nr. 827 Samþykkt í bæjarráði Seyðisfjarðarkaupstaðar 21.09.2011.


Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis frá 20 júní 2011.

Lagt er til að frumvarpið verði tekið til gagn Gerrar endurskoðunar. Ástæðan er að í því eru of margir óvissuþættir sem varða áhrif á byggðarlagið og framtíð sjávarútvegs í kaupstaðnum.

Um áhrif lögfestingar frumvarpsins á Seyðisfjarðarkaupstað

Á Seyðisfirði er rekið eitt frystihús og einnig starfrækja trilluútgærðir fiskverkanir. Frystihúsið er einn af stærri vinnustöðum kaupstaðarins og hefur það gífurleg áhrif á tekjur bæjar- og hafnarsjóðs ef starfsemi þess legðist af. Fjárhagslegir erfiðleikar Seyðisfjarðarkaupstaðar eru verulegir nú þegar og stefnir í niðurskurð á mikilvægri þjónustu við bæjarbúa.

Kaupstaðurinn hefur þolað mikil áföll í atvinnulífinu, einkum þeim hluta þess sem lýtur að sjávarútvegi. Mikil íbúafækkun hefur átt sér stað í kjölfar þessara breytinga. Störfum hefur fækkað vegna samdráttar í sjávafala og við aukna tæknivæðingu í útgerð og vinnslu, en þó er rétt að benda á að það hefur haft í för með sér betri starfsskilyrði og aðbúnað starfsfólks. Það er ekki á annan máta en í öðrum atvinnugreinum og eðlilegt og mikilvægt að stórar mikilvægar atvinnugreinar hafi möguleika til þróunar á forsendum greinanna og þeirra markaða sem þær þjóna.



Heimild: Fiskistofa og Hagstofa Íslands

Þróun aflaheimilda og íbúafjölda á Seyðisfirði.

Á línuriti sem fengið er að láni úr skýrslu Haraldar Línalds Haraldssonar sem hann vann fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, má sjá hve mikið þorsk og þorskígildistonnnum hefur fækkað sem skip með heimahöfn á Seyðisfirði hafa fengið úthlutað. Einnig má sjá íbúaþróun kaupstaðarins sama tímabil. Það er mjög alvarlegt fyrir íbúa byggðarlaga eins og Seyðisfjarðar að horfa upp á þá óvissu um framtíðina sem frumvarpið skapar, ofan í þá neikvæðu alvarlegu þróun sem verið hefur í kaupstaðnum síðustu tvo áratugi.

Skilyrði og rekstrarumhverfi

Horfa þarf sérstaklega til og greina rekstrarhæfni útgerðar og vinnslu og þar með áhrif breytinga á samfélög þar sem slík starfsemi er rekin. Einnig rekstur hafna þeirra byggðarlaga sem um ræðir. Ekki má samþykkja lög sem geta kollvarpað rekstrargrundvelli fyrirtækja atvinnugreinarinnar og geta valdið stórtjóni í byggðarlögum, ofan í það ástand sem orðið er vegna óvissu um fyrirkomulag og rekstrarskilyrði sjávarútvegsins og úrvinnslu sjávarafurða.

Afar mikilvægt er að tryggja að sú verðmætasköpun sem fylgt hefur markaðsstarfi sjávarútvegsfyrirtækjanna verði ekki sett í uppnám með tilheyrandi tjóni fyrir íslenskt samfélag.

Það hefur orðið mikil samþjöppun í sjávarútvegi á stuttum tíma, bæði í veiðum og vinnslu, sem af mörgum er litin hornauga. Það er á margan hátt áhugavert í ljósi þess að fyrir byrjun nýliðinnar aldar og lengi fram eftir henni og fram á þennan dag, hafa orðið af margt líkum ástæðum mikil samþjöppun í landbúnaði og enn talað fyrir því að hún sé nauðsynleg. Ekki verður að telja líklegt að vilji sé til að snúa þeirri þróun við.

Um markmið laga um sjávarútveg

Það er mikilvægt að forðast að lagasetning um sjávarútveg auki óhagræði í rekstri hans og skapi óvissu um fjármögnun, fjárfestingu og þar með framtíð hans. Mikilvægast er að lögin verndi fiskistofnana, auðlindina og leggi grunn að arðbærri nýtingu og vinnslu sjávarafla til lengri tíma fyrir þjóðarhag og tryggi hámarks arðsemi takmarkaðrar auðlindar. Það á ekki að nota atvinnugreinina sem einhverskonar millifærslu til að bregðast við erfiðleikum á einum stað og með því búa til eða auka vanda annars staðar.

Um veiðileyfagjald

Skoða þarf vandlega áhrif veiðileyfagjalds og forsendur þess hvort og hvernig það horfir við sjávarútveginum gagnvart öðrum atvinnugreinum og gæðum til lands og sjávar. Það er algjör forsenda þess að slík úttekt fari fram áður en gjaldið er hækkað. Það er jákvætt ef hluti þessarar gjaldtöku rennur til sveitarfélaganna. Skoða þarf hvort ekki er rétt að miða við að hún sé reiknuð af endanlegri rekstrarafkomu á hverum tíma t.d. yfir þriggja ára tímabil. Einnig að gert yrði ráð fyrir að atvinnugreinin sjálf sjái um þróunar- og markaðsstarf. Seyðisfjarðarkaupstaður telur rétt að hlutur ríkisins ríkisins renni til landhelgisgæslu, öryggismála sjómanna og annarra þátta sem þjóna atvinnugreininni. Þá þarf meðal annars að skoða hvort í veiðileyfagjaldi felist mismunur milli atvinnugreina eða íbúa landsins, t.d. með hliðsjón af búsetu. Í því samhengi mætti skoða hvort innheimt veiðileyfagjald ætti ekki að renna að stórum hluta til þeirra byggðarlaga þar sem það er innheimt.

Um valdheimildir ráðherra (framkvæmdavalds)

Heimildir og ákvörðunarvald ráðherra þarf að skýra betur þannig að ráðherra framkvæmi vilja þingsins og að lögin og leikreglurnar séu almennar og gegnsæar. Komist verði eftir því sem kostur er hjá smáskammtalausnum og sérreglum. Það er einnig mikilvægt að viðhöfð verði langtímahugsun í sjávarútvegi og skýr gagnsæ stefna, en ekki sé alið á tortryggni í garð þeirra sem í greininni starfa og festa fé. Auk þess verði að horfa til þess að jafn mikilvægum atvinnuvegi og sjávarútvegurinn er fyrir sjávarbyggðirnar séu ekki þrengri skorður settar að nauðsynjalausu en öðrum atvinnugreinum í landinu.

Um stuðning við byggðir í erfiðleikum

Seyðisfjarðarkaupstaður styður þau markmið frumvarpsins að ríkisvaldið styðji byggðir sem glíma við erfiðleika hverra orsaka sem þeir eru, en hafnar millifærsluleiðum sem bitna á öðrum byggaðarlögum og telur þær fallnar til þess að valda tjóni og uppnámi. Mikilvægt er að greinin hafi starfsfrið og að vandað sé til verka þegar hugað er að breytingum á umgjörð og starfsskilyrðum sjávarútvegsins.



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði, 21. febrúar 2013

Skrifstofa Alþingis nefndasvið
b.t. Atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2240. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 20.02.2013.

Eftirfarandi fært til bókar:

Miðvikudaginn 20.02.13 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:15.

Mætt: Cecil Haraldsson, Guðrún Katrín Árnadóttir, Margrét Guðjónsdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.

- 2.11 Alþingi 13.02.13. Varðar: 570 mál til umsagnar frá Atvinnuveganefnd Alþingis.
- Bæjarstjóra falið að senda umsögn meirihluta bæjarráðs og bókun fulltrúa Samfylkingarinnar í bæjarráði. Fulltrúi Samfylkingarinnar og óháðra Guðrún Katrín samþykkir ekki umsögn meirihlutans um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða en leggur fram eftirfarandi bókun: Núverandi fiskveiðistjórnunnarkerfi er í hrópandi mótsögn við lögmál frjálsrar samkeppni. Þá tekur það hvorki tillit til atvinnuréttar né búseturéttar þeirra sem við atvinnugreinina starfa. Ég fagna því að nú er til afgreiðslu lagafrumvarp um stjórnun fiskveiða sem grundvallast á sameign þjóðarinnar á veiðiréttindum. Ákvæði lagafrumvarpsins eru viðunandi áfangi að réttlátari úthlutun veiðiheimilda. Leggja ber þó áherslu á að leiðréttta þarf hlut þeirra sjávarbyggða sem orðið hafa fyrir verulegum samdrætti í veiðiheimildum og að sveitarfélögum sjávarbyggða verði tryggð eðlileg hlutdeild í tekjum af veiðigjaldi.**

Ofangreind niðurstaða bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar tilkynnist hér með.

